Fréttatilkynning
04 March 2024 08:45:00 GMT

Íslandsbanki hf.: Reglubundin tilkynning um kaup á eigin bréfum í samræmi við endurkaupaáætlun

Vísað er til tilkynningar Íslandsbanka hf. sem birt var 29. janúar 2024 um áframhaldandi framkvæmd endurkaupaáætlunar sem upphaflega var tilkynnt um þann 17. febrúar 2023.

Í viku 9 keypti Íslandsbanki hf. (bankinn) 1.468.000 eigin hluti að kaupverði alls kr. 160.737.000 eins og nánar er greint frá hér á eftir:

Dagsetning	Tími	Magn	Verð	Kaupverð	Eigin hlutir eftir viðskipti
26.2.2024	12:00	350.000	112,00	39.200.000	30.364.331
27.2.2024	10:18	300.000	111,00	33.300.000	30.664.331
27.2.2024	14:46	78.000	109,00	8.502.000	30.742.331
28.2.2024	13:26	100.000	107,00	10.700.000	30.842.331
29.2.2024	14:30	340.000	107,75	36.635.000	31.182.331
1.3.2024	13:09	300.000	108,00	32.400.000	31.482.331
		1.468.000		**160.737.000**	

Fyrir framangreind viðskipti í viku 9 átti bankinn 30.014.331 eigin hlut, sem nemur 1,50% af útgefnum hlutum. Í þessari umferð endurkaupa hefur bankinn keypt 5.868.000 hluti, sem nemur 0,29% af útgefnum hlutum og nemur heildarkaupverð eigin hluta samtals kr. 658.202.000.

Í þessari umferð endurkaupa er áætlað að kaupa allt að 9,5 milljónir hluti sem jafngildir 0,475% af útgefnu hlutafé bankans, þó þannig að heildarfjárhæð endurkaupanna að þessu sinni verði aldrei meiri en samtals kr. 1.000.000.000. Endurkaupunum var haldið áfram 30. janúar síðastliðinn og munu standa yfir þar til öðru hvoru framangreindra viðmiða um magn eða fjárhæð er náð, en þó aldrei lengur en til 20. mars 2024.

Frá upphafi endurkaupaáætlunar í febrúar 2023 hefur bankinn keypt samtals 31.482.331 eigin hlut eða sem nemur 1,57% af útgefnum hlutum í bankanum.

Framkvæmd endurkaupaáætlunarinnar verður í samræmi við viðeigandi lög og reglur, þ.á m. lög um hlutafélög nr. 2/1995, reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) um markaðssvik nr. 596 /2014 um markaðssvik og framselda reglugerð Framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2016/1052, lög um aðgerðir gegn markaðssvikum nr. 60/2021 og reglugerðar nr. 320/2022 um sama efni. Samþykki Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands vegna kaupa bankans á eigin hlutum er fyrirliggjandi.

Fréttatilkynning
04 March 2024 08:45:00 GMT

Frekari upplýsingar veita:
Fjárfestatengsl - Bjarney Anna Bjarnadóttir, ir@islandsbanki.is
Samskiptastjóri - Edda Hermannsdóttir, pr@islandsbanki.is

Um Íslandsbanka
Íslandsbanki er alhliða banki sem leggur áherslu á að koma til móts við þarfir viðskiptavina sinna og á sér langa sögu sem nær aftur til ársins 1875. Bankinn leggur áherslu á traustan rekstur og að hafa jákvæð áhrif í samfélaginu en hlutverk bankans er að vera hreyfiafl til góðra verka svo viðskiptavinir okkar nái árangri. Með framtíðarsýn um að skapa virði til framtíðar með því að veita framúrskarandi þjónustu, vinna þrjár viðskiptaeiningar þétt saman til þess að viðhalda góðum viðskiptasamböndum. Markaðshlutdeild bankans er sterk og rekur bankinn skilvirkasta útibúanetið á landinu og styður um leið við viðskiptavini sína á stafrænni vegferð þeirra. Umhverfið sem bankinn starfar í er eftirsóknarvert og er Íslandsbanki vel í stakk búinn að takast á við tækifærin framundan með öflugar tæknilegar stoðir og sterkan efnahagsreikning. Íslandsbanki er með lánshæfismatið A3 frá Moody's Investor Services og BBB/A-2 frá S&P Global Ratings. Hlutabréf bankans eru skráð á Aðalmarkað Nasdaq Iceland.

Viðhengi
Íslandsbanki hf.: Reglubundin tilkynning um kaup á eigin bréfum í samræmi við endurkaupaáætlun